# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2023

## VIFR2ST05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Hlynur Ómar Svavarsson M.Sc (hlynur.svavarsson@fss.is) |  |
| **Viðtalstími** | Miðvikudaga 10:25 – 11:05 | |
| **Námsefni** | Inngangur að stjórnun (2007) eftir Sigmar Þormar.<br>Verkefnahefti í stjórnun. | |
| **Áfangalýsing** | Farið er yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun. Leitast er við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda og kynna þeim ýmis verkefni sem þeir inna af hendi. Nemendum er kynnt gildi stjórnunar og skipulagningar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið. Viðfangsefni áfangans miða meðal annars að því að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í félags- og atvinnulífi. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Ekkert lokapróf er í áfanganum en stuðst verður við símat og verkefnabók. Þrjú kaflapróf eru á önninni og er lágmarkseinkunnin 4,5 úr hverju prófi fyrir sig. Endurtektarpróf áfangans verða haldin í stoðtímum.<br><br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |

| Heiti | Vægi |
|---|---|
| Vinnubók | 40% |
| Kaflapróf | 30% |
| Hópverkefni | 15% |
| Ýmiss verkefni | 15% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund nema með leyfi kennara! Vinna í verkefnabók fer fram í tíma og gildir til einkunnar í áfanganum. Gættu þess að vinna jafnt og þétt, mæta í allar kennslustundir og dragast ekki aftur úr. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Virkjaðu námshæfileika þína. Lestu námsbókina frá orði til orðs og spurðu ef þú skilur ekki. Með því móti færðu betri yfirsýn yfir námsefnið, átt auðveldara með að tileinka þér það og námið verður skemmtilegra. |

| Þekking | Leikni |
|---|---|
| **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:**<br>• Helstu stjórnunarkenningum og stjórnunarstílum<br>• Helstu hlutverkum stjórnandans<br>• Helstu hvatningarkenningum í mannauðsstjórnun<br>• Grunnatriðum mannauðsstjórnunar<br>• Ráðningarferlinu<br>• Helstu tegundum skipurita<br>• Markmiðssetningu | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• Geta lýst kostum og göllum hópvinnu og lýst forsendum árangursríks hópstarfs<br>• Geta gert grein fyrir þróun stjórnunar sem fræðigreinar<br>• Geta útskýrt mikilvægi stjórnunar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélag<br>• Geta túlkað skipurit og lýst mikilvægi skýrra boðleiða í fyrirtækjum<br>• Geta haldið og skrifað fundargerð |

**Hæfni**

**Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Gera starfsferilsskrá
- Stjórna fundum
- Undirbúa viðtöl og stjórnað samskiptum meðan á viðtali stendur
- Þekkja helstu aðferðir sem notaðar eru til þess að leggja mat á árangur
- Móta stefnu fyrir starfsmannahald
- Undirbúa árangursríka starfsmannafundi

| **Vinnuáætlun - Dæmi með símati** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Undirbúningur f. tíma** | 16 vikur x 3 tímar x 20 mín | 16 klst. |
| **Undirbúningur f. próf** | 3 x 4 klst. | 12 klst. |
| **Ritgerð / Skýrsla** | 15 klst. | 15 klst. |
| **Alls** | | **107 klst. = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>18. - 25. ágúst | **Kynning á áfanganum.** | **Kennsla hefst 19. ágúst 2023.** |
| **2. vika**<br>28. ágúst - 1. september | **Kafli 1.** *Hvað er stjórnun?* | Tímaverkefni frá kennara. |
| **3. vika**<br>4. - 8. september | **Kafli 2.** *Þróun stjórnunarhugsunar* | **Hópverkefni I** |
| **4. vika**<br>11. - 15. september | **Kafli 2.** *Þróun stjórnunarhugsunar, frh.* | Tímaverkefni frá kennara. |
| **5. vika**<br>18. - 22. september | **Kafli 3.** *Skipulagsheildin / fyrirtækið* | **Stöðupróf 1 Kaflar 1-3.** |
| **6. vika**<br>25. - 29. september | **Kafli 4.** *Stjórnun eftir aðstæðum og verkefnum* | Tímaverkefni frá kennara. |
| **7. vika**<br>2. - 6. október | **Kafli 5.** *Breytingar, bestu viðmið, gæði og staðlar* | **Hópverkefni II** |
| **8. vika**<br>9. - 13. október | **Kafli 6.** *Skjalastjórnun* | Tímaverkefni frá kennara. |
| **9. vika**<br>16. - 20. október<br>*Vetrarleyfi* | **Kafli 7.** *Þekkingarstjórnun* | |
| **10. vika**<br>23. - 27. október<br>*Miðannarmat* | **Kafli 8.** *Mannauðsstjórnun* | **Stöðupróf 2 Kaflar 4-6.** |
| **11. vika**<br>30. október - 3. nóvember | **Kafli 9.** *Persónuþróun* | Tímaverkefni frá kennara. |
| **12. vika**<br>6. - 10. nóvember | **Kafli 9.** *Persónuþróun – hagnýt verkefni* | **Hópverkefni III** |
| **13. vika**<br>13. - 17. nóvember | **Starfsferilsskrá** – *hagnýt verkefni* | Tímaverkefni frá kennara. |
| **14. vika**<br>20. - 24. nóvember | **Vinnustofuflutningur á persónuþróunarverkefni** | |
| **15. vika**<br>27. nóvember- 1. desember | | **Stöðupróf 3 kaflar 7-9.** |
| **16. vika**<br>4. - 7. desember | **Frágangur, upptökupróf og stoðtími** | |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Hlynur Ómar Svavarsson*